**131. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
19. maí 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**
Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2005119 - Sumarfrístund og leikjanámskeið 2020**

   Tillaga að útfærslu á sumarnámskeiðum og gjaldskrám.

   *Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála situr fundinn undir þessum lið.*

   *Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur að útfærslu á sumarfrístund og leikjanámskeiði sumarið 2020.*

   *Heiðrún víkur af fundi.*

2. **1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

   Vinnuhópur um fjármagn til íþróttafélaga hefur verið að störfum um nokkurn tíma og hefur kynnt tillögur sínar fyrir bæjarfulltrúum.

3. **2004138 - Styrkir til íþrótta- og tómstundafélaga -úthlutun 2020**

   Umsóknir bárust frá 17 aðilum vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglinga 3 - 18 ára.
   Styrktímabil er frá 1. janúar - 31. desember 2019.
   Iðkendatölur eru byggðar á skráningu í Nóra kerfinu og þjálfarakostnaður úr ársreikningi.

   *Hildur Karen Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri ÍA situr fundinn undir þessum lið.*

   *Skóla- og frístundaráð samþykkir úthlutun styrkja til íþrótta- og tómstundafélaga og vísar afgreiðslu í bæjarráð.*

   *Hildur Karen víkur af fundi.*

4. **2004216 - Þjónustuþörf leikskóla skólaárið 2020-2021**

   Lögð fram áætlun um viðbótar þjónustuþörf á leikskólum fyrir starfsárið 2020 - 2021.

   *Skóla- og frístundaráð samþykkir úhlutun og vísar áætlun í bæjarráð.*

5. **1911054 - Leikskóli hönnun- Skógarhverfi**

Vinnuhópur hefur verið að störfum vegna verkhluta 1 um hönnun nýs leikskóla í Skógarhverfi. Fyrir fundinum liggja gögn sem eru forsendur fyrir ákvarðanatöku vegna verkhluta 1.

Verkhluti 1: Ráðgjöf um hvort hægt sé að nýta lausnir sem liggja fyrir með smávægilegum breytingum. Ef niðurstaðan verður að nýta þekkta lausn, falla verkhlutar 2 og 3 niður og verkkaupa verður þá heimilt að semja við viðkomandi hönnuði um þá lausn sem valinn verður.

*Sameiginlegur fundur með skipulags- og umhverfisráði.*

*Jón Ólafur Ólafsson frá Batteríð arkitektar kemur inn á fundinn.*

*Sameiginleg niðurstaða skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs að farið verði í frumhönnun að nýjum leikskóla.*

*Allir aðrir en ráðsfulltrúar viku af fundi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.**

Sandra M. Sigurjónsd.
Ragnar Sæmundsson
Bára Daðadóttir